Stjórnaðu hver má bóka hjá þér á netinu

Síðast uppfært 02/09/2026 3:52 pm BST

Nú getur þú stjórnað hvort bara þínir kúnnar megi bóka hjá þér á netinu eða líka nýir kúnnar.

Það er nokkuð algengt að fagfólk sem er sérstaklega búið að vera lengi í bransanum sé búið að byggja upp sinn kúnnahóp og hafi ekki tök á því að bæta við nýjum kúnnum.


Með nýrri bókunarstillingu getur þú nú stjórnað því hvort nýir kúnnar geti bókað hjá þér á netinu eða ekki. Þú getur kveikt og slökkt á þessari stillingu eins og þér hentar og þar með getur þú haft meiri stjórn á hvenær þú vilt bæta við nýjum kúnnum í þinn hóp.

Ef þú hefur hingað til ekki verið inn á Noona þá gæti þetta verið tilvalin tími til opna á netbókanir hjá þér.

Hvernig stilli ég þetta?


Hver og einn getur stillt þetta fyrir sig.

1. Þú byrjar á því að fara í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
2. Smelltu á **starfsmenn**.
3. Veldu viðkomandi starfsmann í listanum.
4. Nú opnast gluggi hægra megin og þú smellir á **netbeiðnir.**
5. Skrollar niður undir **bókunarstillingar**.
6. Tekur hakið úr **leyfa bókanir frá nýjum viðskiptavinum.**




Hvernig virkar þetta?

Ef þú leyfir bara viðskiptavinum, sem hafa bókað tíma hjá þér áður, að bóka hjá þér á netinu þá virkar það þannig að þú munt ekki birtast í 'Hvaða starfsmaður sem er' valinu og þegar þú ert valin undir 'fólkið' og viðkomandi er ekki í viðskiptavinalistanum þínum þá er viðkomandi látin vita að þú takir ekki við nýjum kúnnum eins og er.



Ef viðkomandi er síðan að bóka í gegnum Noona.is og er nú þegar ekki með sínar upplýsingar vistaðar inni þá munu þau fyrst þurfa að skrá sig inn með símanúmerinu sínu og kerfið kannar hvort þau séu nú þegar í þínum viðskiptavinalista.



Þá er það ekki fleira í bili, en ekki hika við að heyra í okkur ef einhverjar spurningar vakna